

Alþingi  
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar  
Austurstræti 8-10 150 Reykjavík

Kópavogi 8 maí 2019

## **Efni:**

### **Umsögn Landssamtaka landeigenda á Íslandi til Alþingis vegna Þjóðgarðafrumvarpsins. Þingskjal 1238 -778 mál á 149 löggjafarþingi.**

Landssamtök landeigenda sendu umsögn til umhverfisráðuneytisins vegna frumvarpsdraga að þjóðgarðafrumvarpinu í nóvembermánuði sl. en ekki er að sjá að litið hafi verið með nokkrum hætti til þeirrar umsagnar við endanlega gerð frumvarpsins. Verða þær athugasemdir því að nokkru leyti endurteknar í umsögn þessari og vísað til einstakra greina frumvarpsins.

### **9. gr. Kaup, eignarnám, bætur og lóðarleigusamningar.**

Landssamtök landeigenda telja þessa grein bæði óþarfa og jafnframt afar óheppilega og að hún sé sett til höfuðs beinum og óbeinum eignarrétti annara en ríkisvaldsins. Nægilegt sé að hafa eignarnámsheimild í náttúruverndarlögum ( 43.gr l 60/2013) Í frumvarpsgreininni er gert ráð fyrir beinni eignarnámsheimild Þjóðgarðastofnunar, að fengnu leyfi ráðherra. Nær heimidin til þess að að taka eignarnámi lönd, mannvirki og réttindi til þess að framkvæma friðun sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Ekki er heldur gætt meðalhófs í þá veru að markmiðum friðunar mætti ná með öðrum og mildari hætti með samkomulagi við landeigendur.

Hér er verið að veita Þjóðgarðastofnun heimild, sem myndi ma. nýtast stofnuninni til að kaupa stjórnarskrárvarin eignarréttindi m.a innan þjóðlenda sem að gildandi lögum verður ekki hnikað. Þessi hugmyndafræði er andstæð hagsmunum landeigenda og þá sérstaklega tilvísun til þess að um framkvæmd eignarnáms og ákvörðun bóta fari eftir almennum reglum enda við því að búast að verðmat þessara eignarréttinda yrði á einstökum tímabilum, langt undir raunverulegu verðmæti þeirra þegar til lengri tíma er litið.

## **12. gr. Umdæmisráð.**

Umfjöllun um umdæmisráð virðist sett fram frekar til skrauts og til þess að reyna að ná samráðssáttum við hagsmunaaðila frekar en að þessi ráð eigi að hafa einhver raunveruleg völd. Ekki er að sjá að landeigendur hafi neina aðkomu að þessum ráðum þrátt fyrir að eiga almennt ríkustu hagsmini allra sem að koma, af verndun og meðferð lands í sinni eigu. Af þeim 10 aðilum sem gert er ráð fyrir að skipi umdæmisráð eru 6 aðilar tilnefndir af ríki og sveitarfélögum. Af þeim fjórum sem eftir standa er gert er ráð fyrir að Bændasamtök Íslands, sem eru samtök atvinnugreinarinnar en ekki fulltrúar landeigenda, tilnefni einn fulltrúa, ferðaþjónustan ( ýmist nefnd útivistarsamtök, ferðamálasamtök eða samtök ferðaþjónustunnar) tilnefni tvo fulltrúa og umhverfisverndarsamtök tilnefni einn fulltrúa. Hvað sem líður mögulegum áhrifum þessara umhverfisráða á meðferð landsins þá er þessari skipan mótmælt og þess krafist að landeigendur eigi sæti í þessum umhverfisráðum. Að mati LLÍ er það fullkomin rökleysa að hagsmunasamtök sem vinna að því að hagnýta sér land með þeim hætti að það kunni að valda spjöllum vegna mögulegrar ofnýtingar skuli eiga 2-3 fulltrúa í ráðunum en verndarar landsins þ.e sjáfir eigendur þess, skuli ekki eiga þar neinn fulltrúa.

## **33. gr. Leyfisveitingar.**

Landssamtök landeigenda leggjast gegn þeim hugmyndum sem koma fram í þessari grein um leyfisveitingar Þjóðgarðastofnunar og lokun svæða vegna viðburða að svo miklu leyti sem þessi starfsemi gengur gegn ákvæðum laganna um þjóðlendur og kann að ganga gegn hagsmunum landeigenda og trufla starfsemi þeirra á landinu. Í greininni kemur aftur fram ákvæði um samráð og þjónkun við ferðaþjónustuna en ekkert er minnst á hagsmuni landeigenda. Loks telja LLÍ að nú þegar séu fyrir hendi í náttúruverndarlögum 1 um skemmtanahald ofl lögum ákvæði um leyfisveitingar sem nægi til þess að tryggja viðunandi meðferð lands innan þjóðgarða að þessu leyti

## **Lokaorð.**

Efni þessa frumvarps er að mati Landssamtaka landeigenda ekki til þess fallið að efla trúnað og traust milli ríkisins og landeigenda. Það sem veldur mestum ugg er það að reynt er að láta eins og landeigendur séu ekki til og hvergi gert

ráð fyrir aðkomu þeirra með nokkrum hætti. Ef þeir eru einhvers staðar til, eða haga sér ekki þóknanlega að mati einhverra meintra sérfræðinga, þá er gert ráð fyrir að Þjóðgarðastofnunin fái heimild til þess að eyða þeim með því að taka eignir og réttindi þeirra eignarnámi. Ekkert er litið til þeirrar alkunnu og raunsönnu reglu að landeigendur eru bestu vörslumenn landsins.